

18/1

Garoar Jónsson.

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ.

=====

1960.

Suðurlandsumdæmi.

Almennt yfirlit:

Laufgun í birkiskjólbeltunum á Tumastöðum, var um 15 maí, eða rúmum 10 dögum fyr en í fyrra, en lauffall um mánaðarmótin sept. okt. í Þjórsárdal er laufgun hálfum mánuði eða þrem vikum síðar. Síðasta frost í vor, var nóttina milli 29 og 30 apríl, en fyrsta frost í haust var 8 október. Vorið og sumarið var einmuna gott, svo öll útivinna nýttist mjög vel. Segja má að burrkur og bliðskaparveður hafi verið í allt sumar. Þó geroi ofsa austan rok einn dag síðast í júní, sem eyoilagði blóm á lúpínunni á Fveráraurum og eplatrjánum í Múlakoti. Árvöxtur á trjám varð í góðu meðallagi, hefði sennilega oroið mjög góður, ef ekki hefði verið svona burrt í sumar.

Verkfæri sem keypt voru á árinu: Gömul beltadráttarvél International T.D.6 með ýtublaði og gróðursetningarárvél, er Baldur Þorsteinsson keypti í Bretlandi.

Allar kaupgreiðslur á árinu námu Kr. 534.589,00 eða Kr. 91.760,00 meira en s.l. ár. Til verkafólks sem heima á í Fljótshlíðarhreppi, voru greiddar Kr. 287.307,00, eða Kr. 91.459,00 meira en í fyrra. En til verkafólks búsettu í Rangárvallasýslu Kr. 396.602,00.

Starfsfólk á árinu.

Mán.	jan.	febr.	mar.	apr.	mai.	jún.	júl.	ág.	sept.	okt.	nóv.	des.	Samt.
Kon.				3	20	32	26	17	14	1			113
Karl.	1	1	1	5	11	18	19	18	13	8	1	1	97
Samt.	1	1	1	8	31	50	45	35	27	9	1	1	210

Giroingar:

Í Þjórsárdal var farið í giroingarviðgerð 7 júní, og fario með allri giröingunni og hún lagfærð, viða var bætt í nýjum köflum s.s. Á Selsandi var skipt um alla staura, gamlir tréstaurar teknir, en galvaníseraðir járnstaurar settir í staðinn. Svo fátt fé var í Þjórsárdal í sumar, að ekki þótti taka að smala eins og undanfarin ár hefur verið gert. Samanlagður kostnaður við giröinguna varð Kr. 32.620,00.

Að Ölvisholti í Holtahreppi, var sett upp ný 1600 m.löng girding.

Á giröingunni eru 6 hornstaurar úr galvaniseruðum járnrorum, sem steyptir voru niður, met og brír strængir gaddavír, járnstaurar og trérenglur. Girdingarstaðið var að sumu leiti vont, fúamýri sem vond var yfirferðar og steypumöl og sigagrjót varð að flytja langar leiðir að. Uppsetningar og flutningskostnaður varð samtals Kr. 16.119,00.

Pórsmerkurgirðingu var haldið við eins og venjulega, en giroingin er mjög slæm á köflum svo að vinda þarf að því að endurnýja hana, sérstaklega á kaflanum frá Tindfjallagili að hliðinu í Hamraskóginum, þar er netið og gaddavírinn svo ryðgað, að þao hrekkur í sundur ef komið er við það. Umraðdur kafli er um 3 km. Undirbúningur að endurgirðingu á þessum kafla, var hafinn í vor, með því að ruddur var vegur úr Húsadal og norður í Tindfjallagil svo auðvelt verður með flutning á giröingarefnin á traktor eða sterkum bíl næsta sumar. Smalað var 19 júlí.

Girðingunum í Skarfanesi, Tumastöðum og Múlakoti, var haldið við eins og undanfarin ár.

Vegagerð:

Í þjórsárdal var lagfærður vegurinn frá Skriðufellsbæ og upp í Selhöfða, ruddur var vegur upp Selhöfðana norður að girðingu og síðan vestur með henni yfir Skriðufellið og vestur á Selsand. Einnig voru gerðir vegir í skóginum þar sem grisjað var og gróðursett. Alls vann jarðýtan 52 kl. að vegagerð í Þjórsárdal. Að Pórsmörk var eins og áður

er sagt, ruddur vegur úr Húsadal norður Hamraskóga og allt norður í Tindfjallagil. Samtals vann jarðytan 26 kl. að vegagerð á Þórsmörk. Til að flytja jarðytuna á milli staða var bifreið skógræktarinnar L 233 notuð og gekk það í alla staði ágætlega.

Skógarhögg:

Grisjað var í Þjórsárdal í Skriðufellinu austanverðu á um 10 ha. svæði. Grisjaðar voru brautir, frá læknum og upp í fellið ca. 1,5 m. á breidd og annað eins skilið ógrisjað á milli. Limið var ýmist dregið út og flutt að Tumastöðum eða lagt á millibrauta. Allur kostnaður við grisjunina varð Kr. 29.716,00 eða Kr. 2.971,00 á ha.

Gróðursetningar:

Í Þjórsárdal voru samtals gróðursettar 50.775 plöntur og var það ýmist gert með plöntuhökum eða nýjum þýskum gróðursetningarverkfærum. Alla gróðursetninguna svo og ýms verkfæri gaf Vesturbýska ríkið skógræktinni. Settar voru niður 7170 sitkagreni 2/3 (Cordova) 3220 sitkabastarður 2/3 (Lawing) 1560 stafafura 2/3 (Sapinero) 25.005 rauðgreni 2/3 (N-Helgel.) 5000 blágreni 2/2 (Sapinero) 7000 bergfura 3/0 (Pýreneafjöll) 1570 hvítþinir 2/3 (Sapinero) 150 fjallaböll 2/3 (Lawing) og 100 marballir (Cordova). Gróðursetningin var framkvæmd á tímabilinu frá 8 ágúst til 8 sept. að undanteknum 2500 plöntum er settar voru 7-9 júní. Gróðursetningarkostnaður varð Kr. 44.686,00, eða Kr. 0,88 á stykki, en samanlagður grisjunar og gróðursetningarkostnaður varð Kr. 64,402,00 eða tæplega Kr. 1,27 pr. plöntu, er það um 16 aurum minna en í fyrra. Í þessum útreikningi er flutningskostnaður kaup ráðskonu svo og annar kostnaður vegna matarfélags.

Í Skarfanes var farið með ca. 14.800 plöntur, allt fræbeðsplöntur sem ekki þótti taka að dreifsetja. Með þessar plöntur fóru 2 menn og var ætlunin að gróðursetja þar á tveim dögum, með nýju gróðursetningarávélinni

sem Baldur keypti í Bretlandi. Þessi tilraun gekk ekki eins vel og ætlað var, því að víðirætur þvældust fyrir hnifnum og plönturnar festust illa í jörðinni. Miklum hluta var þó þrælað þannig niour, en dálitlu slegið niour á staðnum. Með þessar plöntur var fario, 10.000 brodd og blágreni 4/0 (Sapinero) 2500 lerki 3/0 (Onega) 1750 lerki 3/0 (Sviss) 150 stafafura 4/0 (Skagway) 450 hvítgreni 4/0 (Lawing). Gróðursett var dagana 22 og 23 júní.

Á Þórsmörk var gróðursett dagana 4-6 júni, í Sleppugili af Farfuglum, 1000 rauogreni 2/4 (Rana) 200 hvítbinir 2/3 (Sapinero) og 200 stafafura 2/3 (Sapinero). Í Tumastaðabrekku voru settar 610 sitkabastarður 2/3 (Lawing) og 125 hvítbinir 2/2 (Sapinero).

Á vegum Skógræktarfélags Rangáringa var gróðursett í Tungugirðingu í Fljótshlíð 7000 sitkagreni 2/3 (Cordova) og 1030 sitkabastarður 2/3 (Lawing). Í Kverkina hjá Seljarlandi 300 birki og 200 sitkagreni (Cord.). Í Seljavallagirðingu í A.-Eyjafjallahreppi 1000 birki 100 sitkagreni (Cordova) og 50 bastarður 2/3 (Lawing). Í Skógaskólagirðingu 550 sitkagreni 2/3 (Cordova) 100 stafafura 2/3 (Skagway) 400 birki 50 rauðgreni 2/3 (N.-Helgel.) og 25 sitkabastarður 2/3 (Lawing). Einnig var sett í Þorsteinslund við Hlíðarendakot, 400 birki 200 sitkagreni 2/3 (Cordova). Mikil vinna var lögð í áburðargjöf og að reita frá plöntum.

Skógræktarfélagið "Mörk" gróðursetti í Holtsdal 1000 sitkagreni 2/3 (Mendenhall) og 1000 rauogreni 2/3 (N.-Helgel.). Skógræktarfélag Mýrdælinga setti 750 sitkagreni 2/3 (Cordova). Skógræktarfélag Árnesinga fékk héðan frá Tumastöðum og setti að Snæfoksstöðum 4000 skógarfurur 3/0 (Troms-strönd) 500 sitkagreni 2/3 (Cordova) og 500 bergfurur 3/0.

Byggingar og viðhald:

Í viðleguskúrana í Þjórsárdal, var klætt að innan með 1" þykku froðuplasti, því þeir reyndust svo kaldir óeinangraðir að ekki var í þeim verandi, þeir voru einnig oliubornir að utan, þak á eldhúsi tjargað og í þá settir 2 viðarofnar. Í Múlakotskofanum, var steypt gólfíð í eldhúsínu og hann máladur að innan. Á Tumastöðum var fasteignum haldið við eftir föngum, með smá viðgerðum og málningu.

Leiðbeiningar og ferðalög:

21 - 27 mars sat ég fund skógræktarstjóra og skógarvarða í Reykjavík. Skógræktarfélögum, deildum þeirra og einstaklingum var hjálpað og leiðbeint við gróðursetningar og undirbúning þeirra eins og tími vannst til. Mest ferðalög voru í sambandi við skóglendi skógræktarinna, sérstaklega vegna Þjórsárdals enda mestar framkvæmdir þar. Samtals unnið fyrir rúmar 109.þús. kr. þar. Á aðalfundi Skógræktarfél. Arnes og Rangárvallasýslu, sem haldnir voru dagana 14 og 15 maí fór ég, einnig á aðalfund Skógræktarfélags Íslands 21 - 23 okt. sem haldinn var í Reykjavík.

Trjámælingar-rannsóknir og landmælingar.

Dagana 19-23 apríl var flokkur manna við landmælingar í Þjórsárdal. Höggnar voru brautir og mælt skóglendið í Selhöfðum, því verki er ekki lokið og kort af þeim mælingum sem gerðar voru hefur ekki verið gert. Hæðarmæling var gerð á nokkrum trjám í Múlakoti 24 sept. í haust. Hæsta öspin gróðursett 1944 var nú 11,80 m. en sú lægsta 9,70 og meðalhæðin 10,20. 1956 var meðalhæðin á sömu trjám 7,55 m. og hæsta öspin þá 8,75 m. en sú lægsta 6,20 m. Sitkagrenið austast í stöðinni var 1956 8,75m en er nú 10,70. Hæsta lerkið var 1956 8,60 m. er nú 9,60.

Gróðrarstöð:

Vinna hófst í gróðrarstöðinni fyrst í mai, en lauk síðast í okt. Eins og undanfarin ár vinnur þó verkstjórinn allt árið við gróðrarstöðina eða í sambandi við hana.

Sáökassar eru til yfir 2500 m- og er það of lítio, svo nauðsynlegt er að bæta við á næsta ári að minnsta kosti 600 m-. Eins er það með vermiðlugga, ekki hafa verið fengnir nýjir síðastliðin þrjú ár og lítilsháttar gengur úr sér á hverju ári, svo nú eru ekki til gluggar nema yfir 1150 m-, viðbót þyrfти að vera 150 m-.

Vöxtur var með minna móti á plöntum í gróðrarstöðinni í sumar, má þar vafalaust kenna um hinum miklu þurrkum sem voru í sumar. Vökvað var eins og frekast var hægt, en það er eins og það gefi ekki eins góðan árangur og hæfileg úrkoma. Töluverður holklaki var í vetur, en þó komu plöntur heldur vel undan vetri. Svo til alveg er hætt að nota torf við vetrarumbúnað til varnar gegn holklaka og hefur það lækkað kostnað við vetrarumbúnað um þriðjung á síðustu þrem árum.

Hreinsunin var í ágætu lagi í sumar, má þar mikilvægum þakka góðri veðrátta og illgresislyfjum White-spirit og þó fremur Zimasin, sem töluvert voru notuð með góðum árangri. Kostnaður við hreinsunina er þó alltof mikill og með einhverju móti verður að þóka honum niður með meiri notkun á lyfjum og góðum verkferum. Síðustu þrjú árin hefur hreinsunarkostnaður verið þessi: 1958.114 þús. 1959.120 þús. og 1960.101 þús. Það má því segja að hreinsunarkostnaður sé farinn að lækka, því jafnframt verður að taka tillit til þess að gróðrarstöðin hefur stækkað á undanförnum árum. Ef maður lítur á hina einstöku kostnaðarliði, eru þeir prósentvis bessir fyrir árið 1960, af heildarkostnaði gróðrarstöðvarinnar. Hreinsun 22,6 %, verkstj. og ráðskona 19,0 %, plöntusala 16,9 %, dreifsetning 11,3 %, jarðvinnsla 7,3 % vetrarumbúnaður 7,2 % vökvun 3,6 % ljós og hiti 3,1 % sáningar 2,5 %, annar kostnaður 2,2 %, reksturskostn.

verkfæra 1,8 %, stofnkostnaður 1,5 %, og áburður 1,0 %. Þg veit þó að jarðvinnslukostnaðurinn er óeðlilega hár vegna skurða er grafnir voru í sumar, en aftur á móti er áburður alltof lágor, vegna þess að þær vantart mig nokkra kostnaðarliði.

Skurðografa vann hér í sumar og gróf 1215 lengdarmetra eða 8233 m^3 . Grafnir voru upp tveir gamlar handgraffnir skurðir fyrir sunnan og vestan gróðrarstöðina, sem grafnir voru árið 1944 og voru orðnir alltof grunnir. Þegar grafan var að grafa skurðinn fyrir austan stöðina neðan við brekkuna, kom hún niður á feikna mikla vatnsæð, sem stöðugt hefur runnið úr síðan. Jafnframt hætti vatnsuppgangur, sem alltaf hefur verið í miðjum fyrsta reit. Nýjir skurðir voru grafnir í spildurnar fyrir sunnan og vestan skógarvarðarbústao. Spildan fyrir vestan skógarvarðarbústao var plægo í haust og verður þáð herfað og fræsað næsta sumar, er þáð rúmur hálfur hektari eða $40 \times 130 \text{ m}$. Jafnað var út skurðaruðningum í haust á meðan tíó leyfði. Samtals vann jarðýtan við þáð og aðra jarðvinnslu í gróðrarstöðinni í 159 kl.

75 m. langt skjólbelti var gróðursett fyrir vestan gróðrarstöðina, var þar eingöngu notaðar sitkagreniplöntur 180 st. og var þeim skýlt í haust með skjólgrindum.

Sáningar.

/ Sitkagreni Seward	B-465	5,250 kg.	dreifs.	306 m	2. səmilegt
/ Sitkagreni Seward	B-466	3,590	-	rað+dreil94	- 2. ágætt
/ Hvítgreni Seward	B-464	2,500	-	raðsáð	125 - 2. səmilegt
/ Rauðgreni Ötterøy	B-428	2,900	-	dreifs.	151 - 3. heldur gisið
/ Rauðgreni N-Tr.lag,y	B-429	5,580	-	dreifs.	157 - 3. heldur gisið
/ Blágreni Sapinero	B-431	0,500	-	dreifs.	45 - 2. ágætt
/ Bergfura Ulstrupg. D	B-467	2,680	-	dreifs.	215 - 3. mikið gisið
/ Stafafura Skagway	B-462	0,450	-	dreifs.	38 - 1. mikið of þétt
/ Stafafura Alberta	B-468	0,330	-	dreifs.	28 - 2. ágætt
/ Lerki Graubünden	B-463	1,500	-	dreifs.	105 - 3. mikið of gisið
/ Birki Hallormstað	B-471	3,300	-	dreifs.	100 - 1. mjög þétt

Tilrauna sáning

/ Skógarfura Rússl.	B-506	0,140 kg.	dreifs.	3 m	1. mjög þétt
/ Skógarfura Rússl.	B-507	0,500	-	dreifs.	11 - 2. mjög þétt
/ Rauðgreni Rússl.	B-484	0,135	-	dreifs.	3 - 2. səmilegt
/ Rauðgreni Rússl.	B-485	0,500	-	dreifs.	12 - 2. səmilegt
/ Hvítgreni Meosonee	B-470	0,500	-	dreifs.	15 - 2. səmilegt
/ Sembrafura Murtal	B-440	<u>0,900</u>	-	dreifs.	<u>4 - 5. ekkert</u>

Samtals 31,255 kg. í 1.512 m²

Dreifsetning á fumastöðum.

Barrtré.

Sitkagreni Seward (frá Noregi) 2/0	94.750	stk.
Sitkagreni Seward (frá Hall.) 2/0	55.000	-
Sitkagreni Seward 102-100-56 3/0	157.930	-
Sitkagreni Homer B-389 2/0	61.560	-
Rauðgreni R-K-E-D B-329 2/0	70.300	-
Rauðgreni Bindal B-378 2/0	24.300	-
Rauðgreni Rana 3421-100-54 3/0	10.250	-
Fjallabínur Sapinero 901-3000-55 3/0	26.030	-
Hvítþínur Sapinero 2400-3000-55 3/0	920	-
Balsambínur Newfoundl. 2750- -55 3/0	2.300	-
Rússalerki Onega 3654- -56 3/0	1.000	-
Lerki Sviss 3/0	200	-
		<u>504.540</u> <u>stk.</u>

Græðlingar

Alaskaösp	9.180	stk.
Pingviðir	5.400	-
Ribs	3.960	-
Sólber	2.160	-
Aðrar tegundur	1.040	-
		<u>21.740</u> <u>-</u>

Samtals 526.280 stk.

=====

Plöntur til dreifsetningar 1961.

Barrtré.

Sitkagreni Seward B-348 3/0	140.000	stk.
Sitkagreni Homer B-389 3/0	5.000	-
Sitkagreni Homer B-437 2/0	40.000	-
Sitkabastarður Lawing B-436 2/0	30.000	-
Hvítgreni Moose Pass B-432 2/0	15.000	-
Hvítgreni Summit L. B-433 2/0	30.000	-
Rauðgreni V.V. Bindal B-427 2/0	175.000	-
Stafafura Skagway B-444 2/0	25.000	-
		<u>460.000</u> <u>stk.</u>

Tilraunir.

Sitkagreni Tumastöðum 2/0	1.000	stk.
P. asperata 2/0	<u>1.000</u>	<u>-</u>
		<u>2.000</u> <u>-</u>

Græðlingar.

Alaskaösp	10.000	stk.
Ribs	2.500	-
Sólber	2.000	-
Viðja	3.000	-
Pingviðir	3.000	-
Aðrartegundir	<u>10.000</u>	<u>-</u>
		<u>30.500</u> <u>-</u>

Samtals 492.500 **stk.**

=====

Plöntur til afhendingar 1961.

Skógarplöntur.

Sitkagreni Cordova 108-100-54 2/3	167.000	stk.
Rauðgreni N-Helgel. 3405-100-51 2/3	30.000	-
Blágreni Sapinero 2003-3000-55 2/3	5.000	-
Skógarfura Troms st. 3003-100-47 4/0	40.000	-
Bergfura Pyreneaf. B-400 3/0	<u>5.000</u>	<u>-</u> <u>247.000</u> <u>stk.</u>

Síðsumarsplöntur.

Sitkagreni Seward 102-100-56 2/2	54.600	-
Sitkagreni Cordova 108-100-54 2/2/2	17.000	-
Hvitgreni St. James 313-300-56 2/2	600	-
Kínagreni 3500- -56 2/2	3.250	-
Rauðgreni Leirfjord 3421-100-51 2/2	8.000	-
Blágreni Sapinero 2053-3100-55 2/2	2.000	-
Brodd-og blágreni Sapin. 2050-3100-55	2.500	-
Douglasgreni Blue Mesa 2700- -55 2/2	8.000	-
Bergfura St.Pierre Pyr. 2/0	<u>25.000</u>	<u>-</u> <u>120.950</u> <u>-</u>

Garðplöntur.

Birki 2/3	1.5500	-
Reyniviður yfir 100 cm.	1.500	-
Álmur 45-80 cm.	<u>1.500</u>	<u>-</u> <u>-</u> <u>4.500</u> <u>-</u>

Samtals 372.450 stk.

=====

pinqvistus

Afhentar plöntur.

Skógarplöntur.

hver mikil af hinum

✓ Sitkagreni Cordova 108-100-54	<u>2/3+2/2</u>	116.451	stk.	$\frac{1}{2} \cdot 57$	215.300 -	$\frac{1}{2} \cdot 59$	64.940
✓ Sitkagreni Mendenhall 109-100-54	<u>2/3</u>	17.250	-	$\frac{1}{2} \cdot 38$	700 -	$\frac{1}{2} \cdot 59$	8.900
✓ Sitkagreni Mac-Leod	<u>2/3</u> ?	1.500	-				
✓ Sitkabastardur Lawing	<u>401-200-54</u> 2/3	<u>26.435</u>	-	<u>2/9</u>	<u>84.400</u> -	<u>2/8</u>	<u>28.500</u>
✓ Rauðgreni S-Helgeland	<u>3404-100-51</u> 2/4	21.900	-	$\frac{1}{2} \cdot 77$	000 -	$\frac{1}{3} \cdot 35$	300
✓ Rauðgreni N-Helgeland	<u>3405-100-51</u> 2/3 ?	60.005	-	$\frac{1}{2} \cdot 87$	100		
✓ Rauðgreni Rana	<u>3403-100-51</u> 2/4	1.000	-				
✓ Blágreni Sapinero	<u>2003-3000-55</u> 2/2	19.715	-	$\frac{1}{2} \cdot 76$	76.700		
✓ Brodd- og blágreni	<u>2050-3100-54</u> 4/0	11.500	-				
✓ Hvítgreni Lawing	<u>4/0</u> ?	450	-				
✓ Fjallapöll Lawing	<u>604-</u> - 54 2/3	150	-				
✓ Marpöll Cordova	<u>700-100-54</u> 2/3	100	-				
✓ Hvítþinur Sapinero	<u>2400-3000-54</u> 2/3	1.895	-	$\frac{1}{2} \cdot 3.600$			
✓ Stafafura Sapinero	<u>1002-3200-54</u> 2/3	1.010	-	$\frac{1}{2} \cdot 2.200$			
✓ Bergfura Pyr. B-400	<u>2/0</u>	7.925	-				
✗ Skógarfura Troms st.	<u>3003-100-47</u> 3/0	6.750	-				
✓ Rússalerki Onega	<u>3654-</u> - 54 3/0	2.670	-				
✓ Lerki Sviss	<u>3/0</u>	<u>1.750</u>	-	<u>298.456</u>	<u>stk.</u>		

Garðplöntur.

Birki	1.731	...
Reyniviður	909	-
Pingviðir	319	-
Ribs	186	-
Sólber	126	-
Runnar	<u>1.099</u>	<u>4.370</u> -

4.370
302.826

Afhentar plöntur. frh.

Plöntur sem taldar voru til dreifsetningar en var kastað

Brodd- og blágreni Sap. 2050-3100-54 4/0 30.000 stk.

Broddgreni Colorado B-346 2/0 60.000 -

Brodd-og blágreni Colorado B-283 2 0 60.000 - 150.000 stk.

Plöntur sem taldar voru til afhendingar en var kastað

Skógarfura W-100-38 4/0 42.000 -

Skógarfura -100-38 4/0 3.000 -

Skógarfura Troms st. 3003-100-47 3 0 15.000 -

Gráfura Salida 2650-3300-54 4/0 500 - 60.500 -

Afhentar plöntur samtals 513.326 stk.

=====

Jónas Þóðarson 3/12 1960

Jónas Þóðarson